

Kópavogsbær  
Skipulags- og byggingardeild umhverfissviðs  
Digranesvegi 1  
200 Kópavogur

Reykjavík 11. janúar 2018  
UST201711-185/K.S.J.  
10.04.02

**Efni: Aðalskipulag Kópavogs 2012 - 2024 - Kópavogsgöng felld úr skipulagi -  
Dalvegur**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Kópavogsbæjar dags. 24. nóvember þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024, niðurfelling á Kópavogsgöngum. Ástaðan er að Kópavogsgöng virðast ekki ná að þjóna því yfirlýsta markmiði að léttu umferð á stóru stofnbrautunum nema að takmörkuðu leyti.

**Skipulagssvæðið**

Í greinargerð kemur fram að annar munni Kópavogsganga var fyrirhugaður á svæði sem er milli Reykjanesbrautar og Dalvegs. Einnig kemur fram að þar sem Kópavogsgöng hafa verið felld út í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og því er ekki þörf fyrir að taka ofangreint svæði frá fyrir gangnamunna Kópavogsganga.


Samhliða því að Kópavogsgöng eru felld út af aðalskipulagi er lagt til að landnotkun á opnu svæði við Dalveg sem ætlað var fyrir gangnamunna Kópavogsgangna, verði breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu.

**Umhverfismat**

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um loftslag, loftgæði og hljóðvist með og án Kópavogsganga. Hágæða almenningssamgöngukerfi hefði mest jákvæð áhrif á ofangreinda þætti.

Að mati Umhverfisstofnunar er það háð útfærslu og uppbyggingu á reitnum sem áður var ætlaður fyrir Kópavogsgöng hvort áhrif á landslag eftir breytingu verður jákvæðari.

Umhverfisstofnun tekur undir sameiginlega stefnumörkun sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem miðar að því að auka hlutdeild almenningssamgangna og byggja í því skyni upp hágæða almenningssamgangnakerfi á höfuðborgarsvæðinu.

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Rakel S. Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur